

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð frá 10. október 1996.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

		Að lágmarki:	Að hámarki:
vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	3.500 kg	5.000 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 528

11. október 1996

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.**

Við reglugerð nr. 188/1988 bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
„Í stað dagsetningarinnar 15. október í 4. tl. 17. gr. reglugerðar nr. 188/1988, sbr. breytingu með rg. nr. 118/1994, 493/1994 og nr. 20/1996, kemur 20. október.“
Breyting þessi skal einungis gilda fyrir mat á hrútlömbum á árinu 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. október 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.